


## Tennissamband Íslands



**Mættir:** Helgi, Bragi, Gunnar, Ásta, Jón Axel og Jónas.

**Fundarritari:** Bragi

**Fundarefni:**

1. **Æfingar.** Æfingar ganga vel.
2. **Styrkir.** Styrkir fengust fyrir Fed cup (\$2.500) og Davis cup (\$2.500).
3. **Smáþjóðaleikar 2015.** Þróunarstjóri verður okkur til halds og trausts á smáþjóðaleikunum. Innkaupalisti liggur fyrir.
4. **Árþing tennissambands Evrópu í Búdapest.** Verður í lok nóvember. Helga boðið, kostað af tennissambandi Evrópu. Skýrsla væntanleg.
5. **Norðurlandamót.** Þreifingar varðandi hvort hægt er að koma slíku móti á.
6. **Fed cup.** Verður í febrúar. Athuga með að fá Írisi Staub sem fyrirliða.
7. **Brottfall ungmenna.** Fækkun iðkenda þegar þeir eru á aldrinum 15-18 ára er vandamál sem þarf að bregðast við.
8. **Stækkun Tennishallarinnar.** Jónas og Helgi reifuðu málið. Helgi hefur meðal annars rætt við bæjarstjóra í Kópavogi. Þar er beðið eftir nokkrum umsögnum.
9. **Þjálfaranámskeið.** Jón Axel er með 10 manns á level 1 þjálfaranámskeiði sem lýkur í janúar. Stefnt að level 2 þjálfaranámskeiði hér.
10. **Skjávarpi.** Athugað verði með kaup á meðfærilegum skjávarpa fyrir TSÍ, ca. \$200-\$400.
11. **Styrkjамál.** Jón Axel hvetur til þess að fólk sé betur vakandi fyrir styrkjum sem í boði eru til námskeiðahalds, til dæmis til að halda sálfræðinámskeið. Þá sé hægt að sækja í „Grand slam fund“ til stórra byggingarframkvæmda. Rætt um að fá Raj til að kanna málið.

Fundi slitið.